



Borgarráð

### **Vogabyggð 2024.**

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út áframhaldandi framkvæmdir vegna uppbyggingar í Vogabyggð.

Áætlaður kostnaður ársins 2024 er 600 m.kr.

Greinargerð:

Um er að ræða eftirfarandi verkefni á árinu 2024:

- Strandstígur og Öngultorg – hönnun og framkvæmd (95 m.kr.)
- Stígur milli Strandstígs og Kleppsmýrarveg (milli lóða 1-1 og 1-2) (25 m.kr.)
- Stefnisvogur, burðarlag og malbikun (30 m.kr.)
- Kuggavogur, Súðarvogur og Skutulstorg – yfirborðsfrágangur (115 m.kr.)
- Arkarvogur, Dugguvogur og Kleppsmýrarvegur – yfirborðsfrágangur við Kleppsmýrarveg 6 (70 m.kr.)
- Tranavogur, gatnagerð, lagnir og yfirborðsfrágangur (95 m.kr.)
- Stækkun smábátahafnar Snarfara – nýr varnargarður og ölduvörn (100 m.kr.)
- Breytingar á innsiglingu Snarfara. Ný innsiglingareнна (dýpkun) (50 m.kr.)
- Frágangur á gróðurbeðum, gönguleið að Ævintýraborgum (20 m.kr.)

Kostnaðarstaður: 3104

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:  
Kynning

# VOGABYGGÐ


FRAMKVÆMDIR OG HÖNNUN 2024



UMHVERFIS- OG  
SKIPULAGSSVIÐ


# YFIRLIT - 2024

Hönnun og framkvæmdir



# VOGABYGGÐ 1


## Strandstígur – hönnun og framkvæmd



- Öngultorg og Strandstígur frá Öngultorgi austur á Gelgjutanga – hönnun og framkvæmd. Framkvæmdir á áfanga 1 áætlaðar á árinu 2024.
- Áætlaður kostnaður á árinu 2024: 95 mkr.
- Stígur milli lóða 1-1 og 1-2, undirbúningur og framkvæmd 2024-2025.
- Áætlaður kostnaður á árinu 2024: 25 mkr.

# VOGABYGGÐ 1


## Stefnisvogur framkvæmd



- Stefnisvogur meðfram lóðum 1-3, 1-4 og 1-6. Burðarlag og gatan malbikuð til bráðabirgða. Framkvæmdir áætlaðar sumar 2024.
- Endanlegur frágangur götu (steinlög) áætlaður eftir að byggingarframkvæmdum lýkur.
- Áætlaður kostnaður á árinu 2024: 30 mkr.

## VOGABYGGÐ 2

Kuggavogur,  
Súðarvogur og  
Skutulstorg



- Kuggavogur, Súðarvogur og Skutulstorg – yfirborðsfrágangur. Verkið var boðið út í september 2023, áætluð verklok í júní 2024.

# VOGABYGGÐ 2

## Kuggavogur, Súðarvogur og Skutulstorg


Útboðsverkið felst í meginráttum í:

- jarðvinnu undir gangstéttar
- kantsteinalögn
- hellulögn og malbikun
- uppsetningu götulýsingar
- frágang á regnbeðum ásamt gróðursetningu

Áætlaður kostnaður á árinu 2024: 115 mkr

Framkvæmdin er samstarfsverkefni með Veitum.

## VOGABYGGÐ 2 Kleppsmýrar- vegur 6. Frá- gangur yfirborðs.



- Arkarvogur, Dugguvogur og Kleppsmýrarvegur – yfirborðsfrágangur við Kleppsmýrarveg 6.
- Áætlað að bjóða verkið út síðsumars 2024, framkvæmdir áætlaðar haust 2024 og endanlegur frágangur vor 2025.



# VOGABYGGÐ 2

## Kleppsmýrar- vegur

Verkið felst í meginráttum í:


- jarðvinnu undir gangstéttar
- kantsteinslögn
- hellulögn og malbikun
- uppsetningu götulýsingar
- frágang á regnbeðum ásamt gróðursetningu

Áætlaður kostnaður 2024: 70 mkr.

Framkvæmdin er samstarfsverkefni með Veitum sem ætla að endurnýja hitaveitu í Kleppsmýrarvegi og Dugguvogi.

# VOGABYGGÐ 2

## Tranavogur



Tranavogur. Gatnagerð, lagnir og yfirborðsfrágangur – hönnun, útboð og framkvæmd.

Göngubrú yfir Sæbraut tengist gatnamótum Tranavogar og Dugguvogar.

# VOGABYGGÐ 2

## Tranavogur

Hönnun á Tranavogi að mestu lokið. Um er að ræða samstarfsverkefni með Veitum. Gert er ráð fyrir að bjóða út framkvæmdir sumar 2024 og ljúka framkvæmdum að mestu leiti á árinu 2024 (endanlegur frágangur vor 2025).

Áætlaður kostnaður á árinu 2024: 95 mkr.


Verkið er samstarfsverkefni með Veitum

Framkvæmdir Vegagerðarinnar við göngubrú yfir Sæbraut tengjast Vogahverfinu á gatnamótum Dugguvogs og Tranavogs.

Gerður verður göngustígur meðfram Dugguvog 44 sem tengist gönguleið í Dugguvogi og gangbraut yfir Dugguvog í suðurkanti Tranavogs.

# VOGABYGGÐ 5

## Breyting á innsiglingu Snarfara



Breytingar á innsiglinu Snarfara. Færsla á varnargarði, dýpkun innsiglingar og gerð nýrrar innsiglingarrennu – hönnun, útboð og framkvæmd í samræmi við samning við Snarfara vegna smábátahafnar.

# VOGABYGGÐ 5

## Breyting á innsiglingu Snarfara

Ný innsiglingarrenna (dýpkun).

- Um er að ræða gerð nýrrar innsiglingarrennu. Útboð í gangi í samstarfi við Faxaflóahafnir.
- Áætlaður kostnaður á árinu 50 mkr.
- Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í október 2024 og ljúka á árinu 2025.

Stækkun smábátahafnar – nýr varnargarður og ölduvörn.

- Framkvæmdin felst í að fjarlægja núverandi varnargarð og gera nýjan garð utar ásamt gerð á öldubrjót við Gelgjutanga.
- Áætlaður kostnaður á árinu 2024: 100 mkr.
- Gert er ráð fyrir útboði vorið 2024 og að hægt verði að hefja framkvæmdir í október og að þeim ljúki í mars 2025.

# VOGABYGGÐ 5

## Fleyvangur

Helstu verkefni:

- Skóli og göngubrú – Skólabrú.
- Bætt aðgengi að Ævintýraborgum.

# YFIRLIT - 2024

## Áætlaður heildarkostnaður árið 2024 - samantekt

Verkefni	Áætl kostn mkr.	Áætl framkv / útboð
Strandstígur og Öngultorg - hönnun og framkvæmd	95	Haust 24
Stígur milli Strandstígs og Kleppsmýrarveg (milli lóða 1-1 og 1-2)	25	Sumar 24
Stefnisvogur, burðarlag og malbikun	30	Sumar 24
Kuggavogur, Súðarvogur og Skutulstorg – yfirborðsfrágangur	115	Í vinnslu
Arkarvogur, Dugguvogur og Kleppsmýrarvegur – yfirborðsfrágangur við Kleppsmýrarveg 6	70	Haust 24
Tranavogur. Gatnagerð, lagnir og yfirborðsfrágangur	95	Sumar 24
Stækkun smábátahafnar Snarfara – nýr varnargarður og ölduvörn	100	Haust 24
Breytingar á innsigliinu Snarfara. Ný innsiglingarrenna (dýpkun).	50	Haust 24
Frágangur á gróðurbeðum, gönguleið að Ævintýraborgum	20	Sumar 24
	Samtals	600

# STEFNA OG MARKMIÐ

Framkvæmdir í Vogabyggð tengjast markmiðum og stefnu Reykjavíkurborgar um þéttingu byggðar.

Stuðst er við blágrænar ofanvatnslausnir í hönnun hverfisins.





TAKK  
FYRIR